



# Persónuverndarstefna Netvöktunar

útgáfa 1.0

1. febrúar 2022

Unnin af upplýsingaöryggisnefnd Netvöktunar.

# Persónuverndarstefna 1.0

Netvöktun ehf fylgir eftirfarandi Persónuverndarstefnu:

Markmið Netvöktunar ehf. er að vera í fararbroddi hvað varðar meðhöndlun persónuupplýsinga sem fyrirtækið meðhöndlar fyrir samstarfsaðila sína og um starfsfólk sitt. Persónuverndarstefna Netvöktunar skýrir nánar hvernig slíkar upplýsingar eru meðhöndlaðar.

## Vinnsla persónuupplýsinga

Netvöktun sinnir vinnslu persónuupplýsinga annars vegar sem ábyrgðaraðili og hins vegar sem vinnsluaðili. Hægt er að senda skriflega fyrirspurn um meðferð persónuupplýsinga hjá fyrirtækinu á netfangið personuvernd@netvoktun.is.

Netvöktun safnar upplýsingum um starfsfólk, umsækjendur og samstarfsaðila í samræmi við lög og reglur, samninga eða aðra lögmæta hagsmuni aðila.

Upplýsingar um umsækjendur eru unnar í þeim tilgangi að meta hæfi viðkomandi aðila til umsóknar um starf hjá Netvöktun.

Upplýsingar um starfsfólk eru unnar í samræmi við lögmæta hagsmuni og í öryggissjónarmiði. Slík vinnslu er ávallt eins hófsöm og hægt er.

Vinnsla upplýsinga um samstarfsaðila er framkvæmd í þeim tilgangi að veita aðgang að þeirri þjónustu sem þjónustusamningar segja til um. Einnig vinnur Netvöktun upplýsingar um samstarfsaðila í markaðslegum tilgangi. Netvöktun safnar einungis þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að veita umsamda þjónustu.

Netvöktun viðheldur lista yfir viðtakendur markaðsefnis frá fyrirtækinu. Viðtakendur geta á hverjum tíma óskað eftir að vera teknir af þeim lista.

## Miðlun persónuupplýsinga

Netvöktun mun á engum tíma nýta þær persónuupplýsingar sem fyrirtækinu er treyst fyrir í öðrum tilgangi en greint hefur verið frá. Fyrirtækið leitast við að geymslutími upplýsinga sé aldrei lengri en nauðsynlegt er til uppfyllingar á þjónustusamningum.

Netvöktun mun aldrei miðla þeim persónuupplýsingum sem fyrirtækinu er treyst fyrir með briðja aðila nema hafa til þess skýrt og upplýst samþykki frá eiganda þeirra upplýsinga. Í þeim

tilvikum verður leitast eftir að öryggi upplýsinganna verði aldrei síðra en það er í varðvörsu Netvöktunar og að ákvæði um trúnað og geymslutíma séu til staðar.

## Öryggi persónuupplýsinga

Öryggi þeirra upplýsinga sem Netvöktun. varðveitir skiptir fyrirtækið mjög miklu máli. Netvöktun tryggir að nauðsynlegar skipulagslegar og tæknilegar öryggisráðstafanir séu til staðar til verndar þeim upplýsingum. Netvöktun. metur þær áhættur sem snúa að vinnslu persónuupplýsinga innan fyrirtækisins til að stuðla sífellt að stöðugum umbótum á vinnslu og öryggi upplýsinganna.

## Varðandi fótspor

Netvöktun notar fótspor (e. cookies) á vefsíðu sinni til að tryggja sem besta upplifun fyrir notendur. Fótspor eru litlir upplýsingapakkar sem netvafrinn geymir. Fótspor innihalda upplýsingar um stillingar notanda á vefnum og tölfraði um notkun á vefnum. Fótspor geta verið nauðsynleg fyrir ýmsa virkni og til að verjast árásum tölvuþrjóta.

## Stefnan

Stefnan gildir fyrir allt fyrirtækið og þá vinnslu sem fyrirtækið sinnir. Stefnan skal endurskoðuð að lágmarki á tveggja ára fresti eða eftir þörfum. Uppfærð persónuverndarstefna skal vera aðgengileg öllum samstarfsaðilum á ytri vefsíðu og á innraneti Netvöktun. Öllum fyrirspurnum varðandi þessa stefnu skal senda á personuvernd@netvoktun.is.

Borgarnes, 1. Febrúar 2022.

Aron Hallsson

Aron Hallsson

Framkvæmdarstjóri